

ÁHERSLUVERKEFNI Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 2024

Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál (19.02.2024)

Heiti verkefnisins	Evrópuráðstefna jarðvanga á Íslandi 2024
Númer verkefnis¹	2024-2
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að kynna Reykjanes jarðvang fyrir heimamönnum, ríkisstjórn og ráðamönnum, fræðasamfélagi og almenningi samhliða því að halda 17. Evrópuráðstefnu UNESCO jarðvanga á Reykjanesi. Að varpa ljósi á mikilvægt starf jarðvanga um allan heim og hvaða tækifæri felast í því að starfrækja Jarðvanga á Íslandi. Að efla jákvæða ímynd svæðisins og auka opinbert fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar til svæðisins.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Annað hvert ár er Evrópuráðstefna UNESCO jarðvanga haldin og árið 2024 verður hún haldin á Reykjanesi. Hluti kostnaðar við ráðstefnuna er ekki innifalinn í þátttökugjaldi og þarf að brúa bilið með verkefnastyrkjum svo að vel takist til. Við undirbúning ráðstefnunnar verður Reykjanes jarðvangur gerður tilbúinn til að taka á móti þátttakendum s.s. með aðgerðum úti á ferðamannastöðum og í markaðsefni og öðrum merkingum. Þá verður unnið að því að skapa umtal og umfjöllun um viðburðinn og það mikilvæga starf sem jarðvangurinn vinnur að á Reykjanesi sem og aðrir jarðvangar um allan heim.</p> <p>Verkefnið snýr að því að undirbúa bæði ráðstefnuna og svæðið sem tilheyrir Reykjanesi Geopark. Verkefnastyrkur verður nýttur í:</p> <p>Markaðsefni v. ráðstefnu Fastan kostnað við ráðstefnu Kynning á Reykjanes Geopark í Leifstöð</p>
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir)	Fræðsla, menntun, umhverfismál, sjálfbær þróun, UNESCO á Íslandi. Menningar- og viðskiptaráðuneytið Mennta- og barnamálaráðuneytið Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Framkvæmdaaðili	Reykjanes Geopark
Samstarfsaðilar	Sveitarfélögin á Suðurnesjum, Markaðsstofa Reykjanes, önnur aðildarfélög Reykjanes Geopark
Árangursmælikvarðar	Fjöldi þátttakenda á ráðstefnunni, umfjallanir, mat á getu landshlutans að halda ráðstefnu eins og þessa

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

Lokafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Vel heppnuð ráðstefna sem skilur eftir sig meiri þekkingu á jarðvöngum á Reykjanesi og á Íslandi. Að samfélagið þekki tækifærin sem felast í því að starfrækja jarðvang á svæðinu. Að Reykjanes Geopark hafi skapað umtal og umfjöllun um mikilvægi varðveislu jarð-, sögu- og menningarminja á svæðinu.
Upphaf og lok verkefnis	01.01-31.12.2024
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	39.012.400,- beinn kostnaður fyrir utan vinnuframlag miðað við 400 þátttakendur.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2024 og á hverju ári eftir það, ef við á)	5.000.000,-
Mótframlag (ef við á)	10.000.000,-samningur við Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	